

## **Tillaga borgarfulltrúa Samfylkingar, Framsóknar, Pírata og Viðreisnar um leiðir til að styðja við nærþjónustu í göngufjarlægð innan hverfanna**

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að láta gera samantekt og greiningu á árangursríkum leiðum til að stuðla að því að þjónusta og lágvörðunarsviðsverslun nái fótfestu í sem flestum hverfum borgarinnar í göngufæri við sem allra flest. Það sé einnig til þess fallið að styðja við að notkun nýrra atvinnurýma innan hverfanna nýtist íbúum sem best og fylgja eftir stefnu aðalskipulags Reykjavíkur um kaupmanninn á horninu sem og atvinnu- og nýsköpunarstefnu borgarinnar. Fordæmi erlendis frá verði skoðuð og greind í samhenginu sem og niðurstöður á sameiginlegum samráðsfundi borgarinnar, Samtaka verslunar og þjónustu og annarra hagaðila sem hefur verið í bígerð. Einnig er lagt til að atvinnu- og borgarþróunarteymi á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara verði falið að vinna verkefnið ásamt fjármagni til framkvæmdar.

### **Greinargerð**

Stefnan um kaupmanninn á horninu í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 kveður á um eftirfarandi: „Í hverjum borgarhluta og hverju hverfi skal vera hverfiskjarni og nærþjónustukjarni, þannig að dagleg verslun og þjónusta sé í sem mestri nálægð við íbúana og sem flestum gert kleift að versla, fótgangandi eða hjólandi, innan síns hverfis.“ Í atvinnu- og nýsköpunarstefnu Reykjavíkur 2022-2030 er í punkti 5.4 kveðið á um eftirfarandi: „Fjöldum atvinnutækifærum innan hverfa borgarinnar og styðjum þannig við 15 mínútna hverfi, sem miða að því að helsta þjónusta sé innan við korters göngufjarlægð.“ Erlendis þekkjast dæmi um hvernig þessu er fylgt eftir með fjölbreyttum aðferðum og hvötum sem og skýrum skipulagsskilmálum og enn skýrari ramma í kringum verslun og þjónustu en Reykjavík hefur viðhaft hingað til. Eðlilegt er að draga saman þessar aðferðir, leggja mat á þær og skoða hvaða aðferðir gætu hentað innan Reykjavíkur til að styðja vel við stefnumörkun og sýn borgarinnar er kemur að nærþjónustu. Verkefnið væri unnið í þremur skrefum og lokaafurð væru tillögur um hvernig megi betur styðja við nærþjónustu innan hverfa. Skrefin væru 1. Upplýsingaöflun 2. Staðfæring 3. Tillögur.

#### **1. Innblástur erlendis frá:**

Samantekt um hvaða aðgerðir tíðkast almennt til að hvetja til þjónustu í nærumhverfi innan borga. Upplýsingaöflun færi bæði fram bæði með greiningarvinnu og beinu samtali við starfsmenn annarra borga. Skoðað væri hvaða aðferðum hefur verið beitt í viðmiðunarborgum eins og París, London, Kaupmannahöfn, Osló, Stokkhólmi og Helsinki. Einnig skuli skoða svæði með svipaðan íbúafjölda og Reykjavík ef hægt er. Mikilvægt er að læra af reynslu annarra og fá fram hvað hefur gengið vel eða illa. Lokaafurðin væri listi af aðgerðum sem hafa verið prófaðar í öðrum borgum ásamt samantekt um hvernig reynslan af þeim var.

#### **2. Staðfæring – tillögur sem henta í Reykjavík**

Samantekt um aðgerðir erlendis frá verði rýnd með viðeigandi aðilum innan borgarinnar og utan. Samráð innan borgar við umhverfis- og skipulagssvið og lögfræðiteymi væri nauðsynlegt til að meta hvaða aðgerðir væru færar í Reykjavík. Samráð við aðra hagaðila innanlands, t.d. Samtök verslunar og þjónustu, mætti efla í þessu tilliti en ljóst er að þar liggur mikil þekking varðandi hverskonar aðgerðir myndu henta þeirra félögum. Að því samráði loknu væru teknar saman tillögur að aðgerðum til að styðja við þjónustu í nærumhverfi.

### **3. Tillögur um aðgerðir sem styðja við þjónustu í nærumhverfi**

Tillögum um aðgerðir til að styðja við þjónustu í nærumhverfi skilað til borgarráðs sem tekur afstöðu til þeirra. Borgarráð metur hvort ástæða sé til að beina ákveðnum tillögum áfram til frekari útfærslu.